

Nr. 1072

28. nóvember 2018

REGLUGERÐ um desemberuppbætur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna árið 2018.

1. gr.
Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um desemberuppbætur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna fyrir desember 2018.

Tryggingastofnun ríkisins annast framkvæmd reglugerðarinnar.

2. gr.
Desemberuppbót.

Foreldri langveiks eða alvarlega fatlaðs barns sem fær greiðslu í desember 2018 samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna á rétt á desemberuppbót að fjárhæð 57.672 kr. enda hafi foreldrið fengið mánaðarlegar greiðslur allt árið 2018.

Foreldri sem hefur fengið greiðslur skemur en tólf mánuði á árinu 2018 á rétt á hlutfallslegri desemberuppbót skv. 1. mgr. í samræmi við þann tíma sem foreldrið hefur fengið greiðslur á árinu samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Miða skal við 1/12 fyrir hvern mánuð.

Desemberuppbót skv. 2. mgr. skal þó aldrei nema lægri fjárhæð en 14.418 kr.

3. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 31. gr. laga nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1200/2017, um desemberuppbætur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

Velferðarráðuneytinu, 28. nóvember 2018.

Ásmundur Einar Daðason
félags- og jafnréttismálaráðherra.

Hanna Sigriður Gunnsteinsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 30. nóvember 2018